

Reglugerð þessi sem hreppsnefnd Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 653 um heimilishjálpi í Hafnarhreppi frá 30. október 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. desember 1983 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar að því er tekur til landnotkunar á staðgreinireit nr. 1. 7. 3. 1. þ. e. sunnan Hamrahlíðar og vestan Stigahlíðar í Reykjavík þannig að áður ráðgert stofnana- og útivistarsvæði verði að hluta íbúðasvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi Norður-Seláss í Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 7. desember 1983 staðfest breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi Norður-Seláss.

Deiliskipulag fyrir Árbæ-Selás sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 21. ágúst 1970 er jafnframt felld úr gildi að því er tekur til Norður-Seláss.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.